

Fimmtudaginn 25. mars 1982.

Nr. 106/1979 **Dánarbú Gísla Marinóssonar**

Eysteinn Þorvaldsson

Kaupfell s/f

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ingibjörg Magnúsdóttir og

Ragnar Kristinsson

(Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

Nönnu Ágústsdóttur

(Haraldur Blöndal hrl.).

Áfrýjunarleyfi. Frávísun frá Hæstarétti að hluta.
Sameignarfélag. Húsaleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendurnir dánarbú Gísla Marinóssonar og Eysteinn Þorvaldsson skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1979. Krefjast þeir þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu og að henni verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendurnir Kaupfell s/f, Ingibjörg Magnúsdóttir og Ragnar Kristinsson skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1979 og gera þær dómkröfur, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefndu og að hún verði dæmd til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefjast þau þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Stefnda gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 3. apríl 1979.

Kaupfell s/f, Ingibjörg Magnúsdóttir og Ragnar Kristins-

son áfrýjuðu máli þessu með stefnu 21. desember 1979. Var þá liðinn áfrýjunarfrestur skv. 20. gr., 1. mgr., laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómsmálaráðherra gaf út áfrýjunarleyfi 27. nóvember 1979, en það nær einungis til Kaupfells s/f. Verður því eigi hjá því komist að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti að því er varðar áfrýjendurna Ingibjörgu Magnúsdóttur og Ragnar Kristinsson.

Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti lýstu lögmenn áfrýjenda yfir því, að aðild stefndu væri ekki vefengd. Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu né um dráttarvexti.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er varðar áfrýjendurna dánarbú Gísla Marinóssonar, Eysteín Þorvaldsson og Kaupfell s/f.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjendum gert að greiða stefndu málskostnað óskipt fyrir Hæstarétti, er ákveðst 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar áfrýjendurna Ingibjörgu Magnúsdóttur og Ragnar Kristinsson.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar áfrýjendurna dánarbú Gísla Marinóssonar, Eysteín Þorvaldsson og Kaupfell s/f.

Áfrýjendur greiði stefndu, Nönnu Ágústsdóttur, óskipt 3.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. mars sl., hefur Nanna Ágústsdóttir, Hvassaleiti 26, Reykjavík, höfðað með þingfestingu þess hinn 21. júní 1977 gegn Ingibjörgu Magnúsdóttur, Krummahólum 6, Reykjavík, og Ragnari Kristinssyni, Furugrund 16, Kópavogi,

báðum persónulega og f. h. sameignarfélags þeirra, Kaupfells s/f, svo og dánarbúi Gísla Marinóssonar, Ránargötu 13, Reykjavík. Af hálfu stefndu var sótt þing við þingfestingu málsins og hún heimiluð, en birting stefnu fór ekki fram.

Stefnandi höfðaði sakaukamál gegn Eysteini Þorvaldssyni, Háaleitisbraut 36, Reykjavík, og var það mál þingfest 5. október sl. með samþykki stefnda Eysteins og sameinað þessu máli sama dag.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að allir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér skuld að fjárhæð kr. 639.864 með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1978 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Eigi er ágreiningur á milli aðilja málsins um fjárhæð höfuðstóls dómkröfu stefnanda.

Af hálfu stefndu Ingibjargar Magnúsdóttur, Ragnars Kristinssonar og Kaupfells s/f eru þær dómkröfur gerðar, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og henni verði gert að greiða málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnda dánarbús Gísla Marinóssonar og stefnda Eysteins Þorvaldssonar eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og hún verði dæmd til að greiða þeim málskostnað að mati dómsins.

Sættir hafa ítrekað verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að hinn 28. febrúar 1975 gerir Kaupfell s/f samning við Ámunda Sigurðsson um leigu hluta af húsinu nr. 23 við Skipholt í Reykjavík, en það hús átti Ámundi. Ámundi var eiginmaður stefnanda, en hann lést 8. ágúst 1976. Stefnandi fékk leyfi til setu í óskiptu búi eftir maka sinn 10. nóvember 1976. Eigendur Kaupfells s/f á þessum tíma voru stefndi Eysteinn Þorvaldsson og Gísli Marinósson, en Gísli lést 30. júlí 1977. Stefnda Ingibjörg og Gísli Marinósson voru í hjúskap, þegar þessi samningur var gerður, en þau skildu að lögum í mars árið 1976. Samkvæmt húsaleigusamningnum hófst leigutíminn 1. mars 1975 og skyldi ljúka 28. febrúar 1979 án uppsagnar. Leiga fyrir húsnaðið var kr. 40.000 á mánuði og átti að greiðast fyrirfram 1. hvers mánaðar. Þá hefur húsaleigusamningurinn að geyma eftirfarandi ákvæði, sem ástæða þykir til að geta hér sérstaklega:

„Nánar tiltekið er hið leigða húsnaði sem hér segir: Öll 3. hæð

(efsta hæð) hússins nr. 23 við Skipholt í Reykjavík. Því aðeins er framleiga heimil án sérstaks samþykkis leigusala, að leigutaki sé að selja eða ráðstafa á annan hátt þeim atvinnurekstri, sem hann nú rekur í húsnæðinu (mun reka) og kaupandi vilja (sic.) halda rekstri áfram á sama stað, en leigutaki (Kaupfell) ber ábyrgð á leigugreiðslum, nema samþykki leigusala komi til.“

„Flytji leigutaki án tilverknaðar leigusala úr hinu leigða húsnæði, skal ógoldin leiga, miðað við leigutíma allan, þegar fallin í gjalddaga. Eigi skal leigusali skyldur til að leigja húsnæðið öðrum þann tíma, er eftir var, en geri hann það, skal sú leiga, er hann þannig fær, að frádregnum öllum kostnaði vegna leigjenda-skiptanna, dragast frá því, er fyrri leigutaka bar að greiða fyrir sama tíma.“

Í leiguhúsnæðinu rak leigutakinn, Kaupfell s/f, prjónastofu. Við lögskilnað þeirra Gísla og Ingibjargar mun Ingibjörg hafa fengið prjónastofuna í sinn hlut, en hún var rekin undir nafninu Kaupfell s/f. Kaupfell s/f var þó skráð í firmaskrá sem smásöluverslun. Ingibjörg kveðst hafa tekið ein við rekstri prjónastofunnar 1. júlí 1976, og eftir að hún hafði flutt prjónastofuna úr leiguhúsnæðinu, hafði hún látið skrásetja hana undir nafninu Inga. Ingibjörg flutti prjónastofuna úr húsnæðinu um áramótin 1976/1977.

Fram hefur komið undir rekstri málsins, að deilur hófust á milli þeirra Ingibjargar og Gísla um ýmis atriði varðandi búskipti þeirra, m. a. hvað Ingibjörg skyldi greiða Gísla fyrir það, að hún fékk prjónastofuna í sinn hlut. Staðhæft var af lögmanni dánarbús Gísla Marinóssonar í munnlegum flutningi málsins, að Gísli hefði haft í hyggju að fá umráð prjónastofunnar vegna vanskila Ingibjargar og hefði hann leitað atbeina fógeta. Hefði m. a. komið til lögbanns á notkun hennar á vélum prjónastofunnar í janúar 1977. Lok þessara deilna um prjónastofuna munu þó hafa orðið í janúar 1977, en þá er gerður samningur, dags. 25. dag mánaðarsins, þar sem eigendur Kaupfells s/f, þeir Gísli Marinósson og stefndi Eysteinn Þorvaldsson, selja Ingibjörgu Kaupfell s/f. Í 1. gr. kaupsamningsins segir svo: „Seljendur lofa að selja og kaupandi að kaupa allan eignarhluta seljenda í Kaupfelli sf.“ Í 2. gr.: „Í kaupum þessum felst, að kaupandi eignast allar vélar og tæki og áhöld fyrirtækisins og aðrar eignir, s. s. vörubirgðir, og yfirtekur allar skuldbindingar fyrirtækisins, eins og þær voru pr. 1. júlí 1976“. Í 6. gr.: „Kaup á eignarhlutanum skv. kaupsamningi miðast við 1. júlí 1976, enda hefur kaupandi frá þeim tíma og

fram til þessa dags rekið fyrirtækið Kaupfell s.f. með þeim réttindum og skyldum, er því fylgja.“

Eigendaskiptin eru skráð í firmaskrá Reykjavíkur 27. janúar 1977 og birt 11. mars s. á. Fyrir utan Ingibjörgu er nýr eigandi Kaupfells s/f skráður vera stefndi Ragnar. Bæði fyrri og nýir eigendur fyrirtækisins eru skráðir reka það með ótakmarkaðri ábyrgð.

Leiga var eigi greidd fyrir húsnæðið frá áramótum 1976/1977.

Hinn 3. maí 1977 ritar lögmaður stefnanda stefndu Ingibjörgu vegna Kaupfells s/f bréf, þar sem krafist er greiðslu gjaldfallinnar leigu fyrir húsnæðið að Skipholti 23. Húsnæðið mun hafa staðið autt allt árið 1977, en verið leigt eftir þann tíma.

Stefnda Ingibjörg gaf skýrslu fyrir dóminum 11. desember sl. Hún gaf skýrslu á nýjan leik 9. mars sl. og var þá einnig samþrófuð við vitnið Jón Örn Ámundason.

Ingibjörg skýrði svo m. a. frá, að hið leigða húsnæði hefði verið allt af lítið fyrir rekstur þrjónastofunnar. Hún hefði tjáð Jóni Erni Ámundasyni, umboðsmanni stefnanda, rúmum þrem mánuðum fyrir áramótin 1976/1977, að hún gæti ekki lengur unað við húsnæðið, og spurt, hvort hún mætti ekki segja því upp með 3 mánaða fyrirvara. Jón hafi sagst þurfa að spyrja móður sína og nokkru seinna hafi hann sagt sér, að þetta fengist, svo framarlega sem húsnæðið leigðist. Stefnda kvaðst hafa spurt að því, hvort hún ætti að auglýst húsnæðið til leigu, en Jón hefði sagt, að þau mundu gera það. Hún hefði farið aftur til Jóns, þegar hún hefði ekki orðið vör við, að húsnæðið væri auglýst, og hefði hann sagt ástæðuna vera þá, að Gísli Marinósson ætlaði að taka húsnæðið á leigu um áramótin. Stefnda kvaðst hafa farið til Jóns á nýjan leik og ítrekað við hann, hvort Gísli mundi verða ábyrgur fyrir húsnæðinu frá áramótum, og beðið hann að hringja í Gísli. Nokkrum dögum seinna hefði hún enn farið til Jóns og spurt hann að því, hvort hann hefði hringt í Gísli, og hefði Jón jatað því og sagt, að það yrði allt í lagi með þetta og Gísli yrði ábyrgur fyrir greiðslu húsaleigunnar frá áramótum. Þar með hefði hún talið, að hún væri laus og mátt fara úr húsnæðinu.

Þennan gang mála hefði Jón viðurkennt í samtali við sig í viðurvist Jóhanns Þorgeirssonar, en ekki viljað gefa sér skriflega yfirlýsingu þar um.

Stefnda kvað Gísli hafa vitað, að hún var að fara úr húsnæðinu um áramótin. Hann hefði ekkert haft á móti því, en hins vegar ekki viljað, að vélar fyrirtækisins yrðu fluttar í burtu.

Stefnda sagði, að ekkert hefði verið rætt um leiguna á húsnæðinu, þegar kaupsamningurinn um Kaupfell s/f hefði verið gerður 25. janúar, og kvaðst hún hafa haldið, að hún væri sér óviðkomandi. Stefnda sagðist með þessum samningi hafa verið að kaupa hluta Gísla í þrjónastofunni, en Kaupfell s/f hefði aldrei verið þrjónastofa, enda þótt það nafn væri notað. Sér hafi verið boðið Kaupfell s/f til kaups. Hún hefði spurt að því, hvort það kostaði sig nokkuð, og verið tjáð, að svo væri ekki. Þá hefði hún sagt, að sér væri alveg sama, þótt hún keypti fyrirtækið.

Vitnið Jón Örn Ámundason gaf skýrslu fyrir dóminum 10. janúar sl., og 9. mars sl. var hann samprófaður við stefndu Ingibjörgu.

Vitnið skýrði m. a. svo frá, að hann hefði verið í forsvari fyrir hinu leigða húsnæði fyrir móður sína, stefnanda þessa máls, á þeim tíma, er atburðir þeir gerast, sem deilt er um í málinu. Þau Ingibjörg og Gísli hefðu verið búin að tilkynna sér eigendaskiptin að fyrirtækinu, áður en þessar deilur hófust, og sér hefði verið kunnugt um, að Ingibjörg hefði yfirtækið rekstur Kaupfells s/f frá 1. júlí 1976 eða átt að gera það. Síðar hefði komið í ljós eitthvert vandamál þar að lútandi. Ingibjörg hefði komið til sín, líklega í nóvember 1976, og tilkynnt sér, að hún hefði áhuga á því að segja húsnæðinu lausu frá áramótum. Hann hefði þá ekki vitað, að gerður hafði verið samningur um leiguna, og því haldið, að hún væri að segja upp húsnæðinu með eðlilegum fyrirvara. Hann hefði sagst skyldu koma þessari beiðni áfram til leigusala, en áður en af því hefði orðið, hefði Gísli hringt í sig og spurt að því, hvort Ingibjörg hefði sagt húsnæðinu upp. Hann hefði játað því, að hún vildi losna við húsnæðið frá 31. desember, og hefði Gísli þá sagt sér, að til þess hefði hún enga heimild, þar sem leigusamningurinn um húsnæðið næði til ársins 1979, og ekki heldur heimild til þess að fara í burtu, því að þeirra mál væru ekki komin á hreint. Hún hefði ekki staðið í skilum við sig og vel kæmi til greina, að hann yfirtæki reksturinn, og þá skyldi hann ábyrgjast þetta allt saman. Vitnið sagði, að sér hefði fyrst í þessu samtali orðið kunnugt um tilvist leigusamnings um húsnæðið. Gísli hefði vísað í leigusamninginn og sagt, að vitnið skyldi ekkert gera í málinu. Vitnið kvaðst hafa séð, að leigusamningurinn hafi verið órjúfanlegur til ársins 1979, og því hafi dæmið breyst af sinni hálfu. Greinilega hafi komið í ljós, að ekki hafi allt verið á hreinu á milli þeirra Ingibjargar og Gísla, því að lögreglan hafi verið kölluð til og Ingibjörg hefði flutt úr húsnæðinu að nóttu til.

Ingibjörg hefði komið til sín aftur og þá hefði hann tjáð henni, að Gísli hefði talað við sig og málin horfðu nú öðruvísi við. Hann hefði vísað málinu frá sér sem slíku, því að í raun hafi þetta verið mál á milli Ingibjargar og Gísla. Hann hefði skilið Gísla svo, að hann mundi ábyrgjast, að staðið yrði við leigusamninginn. Ekki hefði komið beint fram í samtali þeirra, að Gísli mundi taka að sér greiðslu húsaleigunnar burt séð frá því, hvernig færi með málefni Kaupfells s/f. Ekki hefði komið til tals á milli þeirra, að Gísli tæki húsnæðið á leigu persónulega.

Vitnið sagði, að verið gæti, að eitthvað hefði komið til tals á milli þeirra Ingibjargar, að hún mætti fara úr húsnæðinu, fengist annar leigjandi, en það hafi verið áður en honum hafi verið kunnugt um, að leigusamningur var fyrir hendi, en vitnið kvaðst þó ekki muna þetta. Vitnið kvaðst aldrei hafa viðurkennt uppsögn Ingibjargar.

Vitnið kvaðst hafa leigt húsnæðið að nýju í árslok 1977, en engar tekjur hefðu verið af húsnæðinu frá áramótum til þess tíma.

Vitnið kannaðist við, að Ingibjörg hefði komið til sín ásamt manni að nafni Jóhann Þorgeirsson. Þau hefðu viljað, að hann skrifaði upp á eitthvað, sem hann hefði skoðað sem einhverja vitleysu. Það hefði eitthvað verið í sambandi við, að þau yrðu laus og fengju skriflegt samþykki fyrir því. Vitnið kvaðst hafa neitað þessu, því að það hefði ekki komið til greina.

Jóhann Þorgeirsson kom fyrir réttinn sem vitni 11. desember sl. Vitnið skýrði m. a. svo frá, að stefnda Ingibjörg hefði beðið sig að koma með sér til Jóns Ámundasonar, en hún hefði þá verið búin að fá kröfu um greiðslu húsaleigu. Hún hefði talið sig vera búna að segja húsnæðinu upp á löglegan hátt. Jón hafi þá samþykkt allt, sem Ingibjörg hefði verið búin að segja við hann, en stefnda Ingibjörg hefði sagt við Jón, að hún teldi sig vera búna að segja húsnæðinu upp, sem Jón hefði samþykkt, að hún hefði gert á þeirri forsendu, að Gísli ætlaði að taka húsnæðið. Hún hefði spurt Jón að því, hvort hann vildi gefa sér það skriflegt, en það hafi Jón sagst ekki mundu gera nema hafa samband við lögmann sinn.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hún hafi fullt forræði á dánarbúi Ámunda heitins Sigurðssonar, en hún hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi 10. nóvember 1976. Samkvæmt 11. gr. laga

nr. 8/1962 hafi hún eignarráð á fjármunum búsins og geti höfðað mál því viðkomandi í eigin nafni. Verði ekki fallist á, að hún hafi full eignarráð dánarbúsins, hafi hún a. m. k. fullt umboð til þess að höfða mál fyrir þess hönd í eigin nafni.

Kröfur stefnanda séu byggðar á leigusamningi þeim, sem Kaupfell s/f og Ámundi Sigurðsson hafi gert með sér 28. febrúar 1975. Í leigusamningnum segi m. a., að þótt um heimila framleigu sé að ræða, beri leigutakinn, Kaupfell s/f, ábyrgð á leigugreiðslum, nema samþykki leigusala komi til. Kaupfell s/f hafi verið leigutaki og á þeim tíma, er Ingibjörg hafi farið fram á uppsögn leigusamningsins, hafi hún ekki verið eigandi Kaupfells s/f, heldur þeir Gísli Marinósson og Eysteinn Þorvaldsson. Hún hafi því ekki verið bær til að segja leigusamningnum upp, enda hafi aldrei verið fallist á uppsögn hennar eða hún tekin gild. Hún hafi í byrjun maí 1977 verið krafín um greiðslu leigunnar. Þeir Gísli og Eysteinn hafi verið eigendur Kaupfells s/f á þeim tíma, er uppsagnarmálin hafi verið til umræðu, og Gísli hafi tjáð Jóni Erni Ámundasyni, að Kaupfell s/f hefði gildan leigusamning um húsnæðið og mundi ekki segja því lausu. Gísli hafi á þessum tíma verið bær til að gefa út bindandi yfirlýsingar fyrir Kaupfell s/f. Jón hafi og séð af samningnum, að Kaupfell s/f væri ábyrgt fyrir greiðslu leigunnar, hverjir sem ættu það fyrirtæki. Þó að Ingibjörg hefði tekið við rekstri þrjónastofunnar, hafi engan veginn verið ljóst, hvernig eignaraðild að Kaupfelli s/f var háttað. Deilur hafi verið uppi á milli þeirra Gísla og Ingibjargar og í raun hafi allt verið óljóst um eignarheimildina, þar til eigendaskipti hafi verið tilkynnt til firmaskrár og birt 11. mars 1977. Ingibjörg hafi keypt Kaupfell s/f með samningi, dags. 25. janúar 1977, og þá engan fyrirvara gert um leigusamninginn, enda hefði slíkur fyrirvari ekkj verið gildur gagnvart stefnanda. Því verði að líta svo á, að bæði fyrrverandi og núverandi eigendur Kaupfells s/f séu ábyrgir fyrir greiðslu húsaleiguskuldarinnar, enda geti menn ekki firrt sig ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélags síns með því að selja það öðrum. Persónuleg ábyrgð á þeim skuldbindingum, sem stofnað hafi verið til fyrir sölutíma, standi, enda þótt sameignarfélagið sé selt.

STEFNDU,

Kaupfell s/f, Ingibjörg Magnúsdóttir og Ragnar Kristinnsson.

Af hálfu stefndu er í fyrsta lagi því haldið fram, að stefnandi sé ekki bær til þess að höfða mál vegna lögskipta Ámunda heitins

Sigurðssonar í eigin nafni, heldur verði hún að höfða mál í nafni dánarbúsins vegna þeirra. Því sé um að ræða aðildarskort, sem leiði til sýknu.

Þá er því haldið fram, að stefnda Ingibjörg hafi eignast þrjónastofuna og Kaupfell s/f í mars 1976 við búskiptin vegna skilnaðar þeirra Gísla Marinóssonar. Það komi glöggst fram í samningnum frá 25. janúar 1976, að öll eignaryfirfærsla sé miðuð við 1. júlí 1976. Með þessum samningi hafi einungis verið gengið frá deilu, sem risið hefði út af skilnaðarskilmálunum, en eignaryfirfærslan hafi farið fram í mars 1976. Stefndanda og umboðsmanni hennar hafi verið um þetta kunnugt. Stefnda Ingibjörg hafi sagt upp húsnæðinu og hafi sú uppsögn verið samþykkt af hálfu stefndanda. Gísli Marinósson hafi ekki verið eigandi Kaupfells s/f á þessum tíma og því ekki getað komið fram fyrir þess hönd. Hann hafi vitað, að hann hafði engan rétt til þess að binda fyrirtækið. Það hafi hann ekki gert og ekki ætlað að gera. Hann hafi sjálfur ætlað að taka húsnæðið á leigu fyrir nýja þrjónastofu og ábyrgjast persónulega greiðslu húsaleigunnar. Fram komi í framburði Jóns Arnar Ámundasonar, að Gísli hafi ábyrgst persónulega greiðslu húsaleigunnar. Dánarbúið sé því bundið af þeirri yfirlýsingu og eigi að greiða hina vangoldnu leigu. Þessi ábyrgðaryfirlýsing hafi verið ákvörðunarástæða stefndanda fyrir því að heimila Ingibjörgu uppsögnina. Uppsögnin leiði til þess, að Kaupfell s/f og eigendur þess fyrirtækis séu ekki ábyrgir fyrir greiðslunni. Kröfu stefndanda um greiðslu dráttarvaxta sé mótmælt, enda sé hún heimildarlaus. Komi til, að vextir verði dæmdir, eigi krafan ekki að bera hærri vexti en almenna innlánsvexti.

STEFNDU,

dánarbú Gísla Marinóssonar og Eysteinn Þorvaldsson.

Þessir stefndu aðiljar byggja í fyrsta lagi sýknukröfu sína á aðildarskorti stefndanda með sömu rökum og stefndu Kaupfell s/f, Ingibjörg og Ragnar.

Af hálfu stefndu er enn fremur á því byggt, að stefnda Ingibjörg hafi eignast Kaupfell s/f við skilnað þeirra hjóna í mars 1976. Þau hafi samt sem áður rekið fyrirtækið saman til 1. júlí 1976. Stefnda Ingibjörg hafi ekki staðið í skilum við Gísla Marinósson og hafi hann reynt að fá innsetningu í fyrirtækið og enn fremur hafi verið lagt lögbann á notkun stefndu Ingibjargar á vélum fyrirtækisins. Hinn 25. janúar 1977 hafi síðan verið gengið

formlega frá kaupum stefndu Ingibjargar á Kaupfelli s/f og hafi hún tekið að sér allar skuldbindingar fyrirtækisins frá og með 1. júlí 1976. Stefndu Ingibjörgu hafi verið ljóst, að hún var að kaupa fyrirtækið með öllum réttindum og skyldum, þ. á m. húsaleigusamninginn, sem hún hafi engan fyrirvara gert um. Jóni Erni Ámundasyni, umboðsmanni stefnanda, hafi verið ljóst, hvernig þessum málum var háttað, m. a. að stefnda Ingibjörg hafði yfirtekið rekstur fyrirtækisins, og sé því stefnandi bundinn af þeirri vitneskju hans, sbr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þær kröfur, sem um sé deilt í þessu máli, hafi risið eftir 1. júlí 1976. Gísli Marínósson hafi ætlað sér að komast inn í fyrirtækið Kaupfell s/f á nýjan leik og því verið mótfallinn, að húsnæðinu væri sagt upp. Það sé hins vegar alrangt, að hann hafi ætlað sjálfur að taka húsnæðið á leigu og ábyrgjast persónulega greiðslu húsaleigunnar. Það sjáist m. a. af framburði Jóns Ámundasonar, sem staðfesti, að Gísli hefði aldrei ætlað að taka sjálfur húsnæðið á leigu. Af hálfu stefnanda hafi aldrei verið samþykkt uppsögn stefndu Ingibjargar á húsnæðinu. Kaupfell s/f sé því ábyrgt fyrir greiðslu húsaleigunnar. Stefndu dánarbú Gísla Marínóssonar og Eysteinn Þorvaldsson séu ekki lengur eigendur Kaupfells s/f og skuldbindingar þess fyrirtækis séu þeim óviðkomandi.

Þá verði þess að gæta, að persónuleg ábyrgð eigenda sameignarfélags verði ekki virk, fyrr en staðreynt hafi verið, að félagið sé ekki greiðslufært. Ekkert liggi fyrir um það, að Kaupfell s/f sé ekki galdfært. Stefndandi hljóti því að verða að beina fyrst kröfum sínum að fyrirtækinu, áður en hann beini þeim að eigendum þess.

Kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta sé mótmælt, enda sé hún heimildarlaus. Komi til, að vextir verði dæmdir, eigi krafan ekki að bera hærri vexti en almenna innlánsvexti.

Forsendur dómsins.

Stefnandi þessa máls fær leyfi til setu í óskiptu búi eftir eiginmann sinn 10. nóvember 1976. Með setu sinni í óskiptu búi öðlast hún samkvæmt 11. gr. erfðalaga nr. 8/1962 eignarráð á fjármunum búsins. Telja verður hluta þeirra eignarráða rétt til þess að höfða í eigin nafni mál vegna lögskipta látins maka. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefndu, að þá beri að sýkna vegna aðildarskorts stefnanda.

Óumdeilt er, að fyrirtækið Kaupfell s/f var leigutaki húsnæðisins að Skipholti 23 samkvæmt þeim húsaleigusamningi, sem stefnandi reisir kröfur sínar á. Þá er eigi ágreiningur um fjárhæð höfuðstóls dómkröfu stefnanda.

Umboðsmaður stefnanda skýrði frá því fyrir dóminum, að þau stefnda Ingibjörg og Gísli Marinósson hefðu tilkynnt sér eigendaskipti að fyrirtækinu, áður en þau tóku að deila um það eftir búskiptin, og sér hefði verið kunnugt um, að stefnda Ingibjörg hefði yfirtekið rekstur Kaupfells s/f frá 1. júlí 1976 eða átt að gera það. Þótt eigendaskipti verði að Kaupfelli s/f á því tímabili, sem leigusamningurinn nær til, er Kaupfell s/f áfram leigutaki og sem slíkur ábyrgur fyrir greiðslu húsaleigunnar, enda er því ekki haldið fram í málinu, að um framleigu til nýs aðilja hafi verið að ræða, enda þótt eigendaskipti yrðu að fyrirtækinu eða leigusali hafi sérstaklega leyst leigutaka undan ábyrgð á greiðslu húsaleigunnar.

Telja verður ósannað, að Gísli Marinósson hafi tekið persónulega ábyrgð á greiðslu húsaleigunnar, og gegn mótmælum stefnanda verður einnig að telja ósannað, að uppsögn stefndu Ingibjargar á húsaleigusamningnum hafi verið tekin gild af hálfu stefnanda. Verður því ekki talið, að Kaupfell s/f hafi losnað undan skildbindingum sínum með þeim hætti. Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda Kaupfell s/f til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld.

Kaupfell s/f er skráð í fimaskrá Reykjavíkur 18. júní 1966 sem fyrirtæki, sem annast smávöruverslun, eign þeirra Gísla Marinóssonar og Eysteins Þorvaldssonar, rekið með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda. Hinn 27. janúar 1977 er skráð í firmaskrána, að þeir Eysteinn og Gísli hafi selt fyrirtækið Ingibjörgu Magnúsdóttur og Ragnari Kristinssyni, sem reki það áfram með ótakmarkaðri ábyrgð, og er tilkynning um þetta birt 11. mars 1977. Kaupsamningurinn um fyrirtækið er dagsettur 25. janúar 1977. Stefndi Ragnar er ekki kaupandi fyrirtækisins samkvæmt þeim kaupsamningi, en er skráður eigandi þess ásamt Ingibjörgu, eins og að framan er getið. Ekki er því haldið fram í málinu, að réttarstaða stefnda Ragnars sé önnur en réttarstaða stefndu Ingibjargar. Verður að líta svo á, að með eignaraðild sinni að fyrirtækinu hafi hann tekið að sér sömu skuldbindingar og stefnda Ingibjörg.

Í húsnæðinu að Skipholti 23 var rekin prjónastofa í nafni Kaupfells s/f allt til áramóta 1976/1977. Stefnda Ingibjörg annaðist ein rekstur prjónastofunnar frá 1. júlí 1976, og samkvæmt 6. gr.

framangreinds kaupsamnings rak hún fyrirtækið Kaupfell s/f frá sama tíma. Samkvæmt kaupsamningnum frá 25. janúar 1977 yfirtók stefnda Ingibjörg allar skuldbindingar Kaupfells s/f, eins og þær voru 1. júlí 1976. Þótt ekki komi glöggt fram í málinu, verður að gera ráð fyrir því, að stefnda Ingibjörg hafi greitt stefnanda húsaleiguna frá þessum tíma og hafi þannig fullnægt skuldbindingum fyrirtækisins gagnvart stefnanda allt til áramóta 1976/1977.

Samkvæmt framansögðu verður litið svo á, að þau stefndu Ingibjörg og Ragnar beri persónulega ábyrgð á greiðslu umstefndrar skuldar sem eigendur fyrirtækisins Kaupfells s/f, sem þau reka með ótakmarkaðri ábyrgð, og ber því að dæma þau in solidum til að greiða skuldina með Kaupfelli s/f.

Húsaleigusamningurinn er undirritaður 28. febrúar 1975, og er leigutíminn frá 1. mars 1976 til 28. febrúar 1979. Gísli Marinósson og Eysteinn Þorvaldsson eru eigendur Kaupfells s/f, þegar húsaleigusamningurinn er gerður, og báru þannig persónulega ábyrgð á efndum hans. Þótt þeir hafi selt stefndu Ingibjörgu Kaupfell s/f með öllum skuldbindingum þess, þykir það í engu breyta réttarstöðunni á milli þessara stefndu aðilja og stefnanda, en ekki hefur komið fram í málinu, að stefnandi hafi leyst þessa fyrri eigendur Kaupfells s/f undan persónulegri ábyrgð þeirra á efndum húsaleigusamningsins. Ekki þykir skipta máli, þótt gjaldfelling húsaleiguskuldarinnar hafi ekki farið fram fyrr en eftir þann tíma, að eigendaskiptin áttu sér stað, því að líta verður svo á, að skuldbindingar fyrri eigenda gagnvart stefnanda hafi staðið svo lengi sem húsaleigusamningurinn var í gildi. Ber því að dæma stefndu dánarbú Gísla Marinóssonar og Eystein Þorvaldsson til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld in solidum með öðrum stefndu.

Af hálfu stefndu hefur því verið mótmælt, að hin umstefnda skuld beri dráttarvexti. Ekki þykja forsendur til að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta af skuldinni, en rétt þykir að dæma 16% ársvexti af skuldinni frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar sama ár og 19% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu verða því dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 639.864 með 16% ársvöxtum frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar s. á. og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in solidum, ákveðst kr. 162.000.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kaupfell s/f, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ragnar Kristinsson, dánarbu Gísla Marinóssonar og Eysteinn Þorvaldsson, greiði in solidum stefnanda, Nönnu Ágústsdóttur, kr. 639.864 með 16% ársvöxtum frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar sama ár og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 162.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. mars 1982.

Nr. 213/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Þór Jónssyni

og

Marteini Webb

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærðu með stefnu 10. mars 1981, og hefur ákærvald einnig áfrýjað málinu til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að refsing ákærðu verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærðu verði dæmd vægasta refsing, er lög leyfa, og skilorðsbundin.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi, og hefur héraðsdómari réttilega sakfelld ákærðu fyrir það atferli, er þeim er gefið að sök í ákæruskjali.

Ákærði Marteinn Webb sætti 1 mánaðar fangelsi fyrir